# 10. BEKKUR skólaárið 2023– 2024

## Námsáætlun í ensku

Kennari: Íris Guðlaugsdóttir og Andri Pétur Dalmar Guðnýjarson

Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að meta og nýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Nemendur öðlist leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti. Enskan gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum til að mynda þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu.

| **Haust-viðfangsefni** | **Námsefni** | **Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti:** | **Námsmat** | **Vor - viðfangsefni** | **Námsefni** | **Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti:** | **Námsmat** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hlustun** | Spotlight 10<br>Lesbók/vinnubók<br>Fræðslumyndbönd<br>Myndbönd<br>Lagatextar<br>Kvikmyndir<br>Ítarefni | -sýnt fram á að hann skilur og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.<br><br>-án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl-og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. | -Hlustunarverkefni<br>-Kannanir | **Hlustun** | Spotlight 10<br>Lesbók/vinnubók<br>Fræðslumyndbönd<br>Myndbönd<br>Lagatextar<br>Kvikmyndir<br>Ítarefni | -sýnt fram á að hann skilur og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.<br><br>-án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl-og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. | -Hlustunarverkefni<br>-Kannanir |
| **Lesskilningur** | Spotlight 10<br>Lesbók/vinnubók<br>Einblöðungar<br>Smásögur<br>Kiljur<br>Blaðagreinar<br>Þrautir<br>Málfræðiæfingar | -aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.<br><br>-lesið sér til fróðleiks ýmsa texta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum og sagt frá eða unnið úr á annan hátt.<br><br>-lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur og | -Kannanir<br>-Ýmis verkefni<br>-Smásögur og kiljur og verkefni úr þeim. | **Lesskilningur** | Spotlight 10<br>Lesbók/vinnubók<br>Einblöðungar<br>Smásögur<br>Kiljur<br>Blaðagreinar<br>Þrautir<br>Málfræðiæfingar | -aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.<br><br>-lesið sér til fróðleiks ýmsa texta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum og sagt frá eða unnið úr á annan hátt.<br><br>-lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur og | -Kannanir<br>-Ýmis verkefni<br>-Smásögur og kiljur og verkefni úr þeim. |

# 10. BEKKUR skólaárið 2023– 2024

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | myndað sér skoðanir á efni þeirra og nýtt í nýju samhengi. | | | | myndað sér skoðanir á efni þeirra og nýtt í nýju samhengi. | |
| **Samskipti** | Einstaklings eða tvenndarverkefni<br>Hópverkefni<br>Þrautir<br>Kynningar | .-tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn.<br><br>-tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda. | -paraverkefni.<br>-umræður. | **Samskipti** | Einstaklings eða tvenndarverkefni<br>Hópverkefni<br>Þrautir<br>Kynningar | .-tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn.<br><br>-tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda. | -paraverkefni.<br>-umræður. |
| **Frásögn/ framsögn** | Spotlight 10<br>Lesbók/vinnubók<br>Smásögur<br>Einblöðungar<br>Einstaklingsverkefni<br>Samvinnuverkefni<br>Þrautir | -tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun og framburð.<br><br>-tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.<br><br>-samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. leikrænt efni eða sögu, einn eða með öðrum. | -Verkefnavinna með kynningum.<br>-Framsögn/lestur.<br>-Einstaklings-/para eða hópverkefni. | **Frásögn/ framsögn** | Spotlight 10<br>Lesbók/vinnubók<br>Smásögur<br>Einblöðungar<br>Einstaklingsverkefni<br>Samvinnuverkefni<br>Þrautir | -tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun og framburð.<br><br>-tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.<br><br>-samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. leikrænt efni eða sögu, einn eða með öðrum. | -Verkefnavinna með kynningum.<br>-Framsögn/lestur.<br>-Einstaklings-/para eða hópverkefni. |
| **Ritun** | Ýmis ritunarverkefni<br>Kvikmyndir<br>Textabrot<br>Ljóð | -skrifað lipran og samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar.<br><br>-tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. | -Stutt ritunarverkefni.<br>-Endursagnir.<br>-Söguritun.<br>-Ljóðagerð<br>-Kvikmyndagagn-rýni. | **Ritun** | Ýmis ritunarverkefni<br>Kvikmyndir<br>Textabrot<br>Ljóðagerð | -skrifað lipran og samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar.<br><br>-tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. | -Stutt ritunarverkefni.<br>-Endursagnir.<br>-Söguritun.<br>-Ljóðagerð<br>-Kvikmyndagagn-rýni. |
| **Menningarlæsi** | Spotlight 10<br>Lesbók/vinnubók<br>Fræðslumyndbönd<br>Myndbönd<br>YouTube<br>Kvikmyndir<br>Ítarefni | -sýnt fram á þekkingu mannlífs og menningar á viðkomandi málasvæði og gerir sér grein fyrir hvað er líkt og ólíkt hans eigin aðstæðum.<br><br>-getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. þess er býr í Skotlandi, Ástralíu o.s.frv. | -Verkefnavinna, bæði einstaklings og hópavinna. | **Menningar-læsi** | Spotlight 10<br>Lesbók/vinnubók<br>Fræðslumyndbönd<br>Myndbönd<br>YouTube<br>Kvikmyndir<br>Ítarefni | -sýnt fram á þekkingu mannlífs og menningar á viðkomandi málasvæði og gerir sér grein fyrir hvað er líkt og ólíkt hans eigin aðstæðum.<br><br>-getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. þess er býr í Skotlandi, Ástralíu o.s.frv. | -Verkefnavinna, bæði einstaklings og hópavinna. |